

6. gr.

Gjalddagi lágmarksgjalds er við móttöku byggingarleyfisumsóknar. Gjalddagi rúm-
metragjalds er fyrir útgáfu byggingarleyfis. Byggingarfulltrúa er óheimil útgáfa byggingar-
leyfis, eða takmarkaðs byggingarleyfis, fyrir en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

7. gr.

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt falli byggingarleyfishafi frá notkun leyf-
isins eða það fellur úr gildi. Lágmarksgjald verður ekki endurgreitt sé umsókn synjað, bygg-
ingarleyfi fellur úr gildi, eða ef umsókn er dregin til baka.

8. gr.

Byggingarleyfisgjöld samkvæmt 2. gr. skulu miðast við launavísitölu 1. janúar ár hvert.
Miða skal við grunn í desember 2001, grunntala 262,6 samkvæmt almennum reiknireglum.
Lágmarksgjald skal námundað í slétt hundrað króna og rúmmetragjald vera 1% þess.

9. gr.

Innheimt byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu
kostnaðar vegna yfirferðar starfsmanna byggingarfulltrúa á aðaluppdráttum og fylgiskjöllum
þeirra fram að byggingarleyfi.

10. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í 53. gr.
skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. bygg-
ingarreglugerðar nr. 441/1998, öðlast gildi við birtingu.

Mosfellsbæ, 16. janúar 2002.

Jóhann Sigurjónsson bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

vegna úttekta-, vottorða- og íbúðaskoðanagjalda í Mosfellsbæ.

1. gr.

Fyrir úttektir, vottorð og íbúðaskoðanir sem gerðar eru vegna nýbygginga, viðbygg-
inga og breytinga á eldri byggingum í Mosfellsbæ, skal byggingarfulltrúinn í Mosfellsbæ
í umboði bæjarstjórnar innheimta úttekta-, vottorða-, og skoðunargjöld samkvæmt gjaldskrá
þessari.

2. gr.

Vegna áfangaúttekta sbr. 48. gr., stöðuúttekta sbr. 55. gr., lokaúttekta sbr. 53. gr., meist-
araskipta sbr. 47. gr., og byggingarstjóraskipta sbr. 36. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/998
skal byggingarfulltrúi innheimta úttektargjöld sem hér segir:

	kr.
A) Fyrir hverja einstaka úttekt sbr. 48. gr.	4.500
B) Fyrir stöðuúttekt, sbr. 55. gr.	9.000

C) Fyrir lokaúttekt, sbr. 53. gr.	9.000
D) Fyrir úttekt vegna meistaraskipta	4.500
E) Fyrir úttekt vegna byggingarstjóraskipta	9.000

3. gr.

Byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangaúttekta samkvæmt A-lið 2. gr. áður en byggingarleyfi er gefið út.

4. gr.

Vegna útgáfu vottorða um fohheldisstig, verkstöðu og lokaúttekt skal byggingarfulltrúi innheimta vottorðsgjöld sem hér segir:

	kr.
A) Fohheldisvottorð	14.000
B) Vottorð um stöðuúttekt	5.000
C) Lokaúttektarvottorð	5.000

5. gr.

Vegna skoðunarskýrslu byggingarfulltrúa á áður gerðum íbúðum skal byggingarfulltrúi innheimta skoðunargjald sem hér segir: Fyrir hverja skoðun kr. 7.000.

6. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu allra gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

7. gr.

Gjalddagi úttektargjalda áfangaúttekta er fyrir útgáfu byggingarleyfis.

Gjalddagi gjalda, sbr. 2. gr. liði B), C), D), E), er samhliða beiðni um úttekt.

Gjalddagi vottorða er við afhendingu þeirra.

Gjalddagi skoðunargjalds er samhliða beiðni um skoðun.

8. gr.

Gjöld vegna áfangaúttekta skal endurgreiða komi ekki til verkframkvæmda á gildistíma byggingarleyfis.

9. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

10. gr.

Gjöld samkvæmt 2., 4. og 5. gr. skulu miðast við launavísitölu 1. janúar ár hvert.

Míða skal við grunn í desember 2001, grunntala 262,6.

Við framreikning skal gjaldupphæð námunduð, samkvæmt reiknireglu í slétt hundrað króna.

11. gr.

Innheimt, úttekta-, vottorða- og skoðunargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu kostnaðar við úttektir, vottorðagjöf og skoðanir unnar af starfsmönnum byggingarfulltrúa.

12. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, öðlast gildi við birtingu.

Mosfellsbæ, 16. janúar 2002.

Jóhann Sigurjónsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 27/1998:

Verð fyrir hvern rúmmetra af heitu vatni lækkar úr kr. 108,48 í kr. 100,05.

Þessi breyting tekur gildi 1. janúar 2002.

Heimæðargjald fyrir heitt vatn hækkar um 8,4% frá og með birtingu auglýsingar þessarar.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. mars 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar er öðlist gildi við birtingu.

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 87 frá 1. janúar 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Heimtaugargjald fyrir rafmagn hækkar um 8,4%.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. mars 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.